



Ársskýrsla Vestfjarðadeildar 2017 -2018

Aðalfundur Vestfjarðadeildar var haldinn á Hjúkrunarheimilinu Eyri þann 8. nóvember, á 29. afmælisdegi deildarinnar. Jóhanna Þórðardóttir formaður setti fundinn með hefðbundinni dagskrá og greindi frá viðburðum starfsársins. Sérstakur gestur fundarins var Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, sem hélt stutta kynningu um sjálfa sig og sagði frá störfum sínum í nýju starfi sem nýkjörinn formaður félagsins.

Starfsárið var fjölbreytt og viðburðaríkt. Það hófst á því að í byrjun desember var fundað á Hótel Ísafirði.. þar sem sjúkraliðar ræddu saman og nutu góðra veitinga.

Hugmyndabanka var komið á fót þar sem sjúkraliðar gátu sett fram óskir og/eða hugmyndir um vor-eða haustferð. Niðurstaðan var vorferð þann 4 maí. Ferðinni var heitið til Akureyrar þar sem gist var í orlofshúsum Sjúkraliðafélagsins í Holtalandi. Hjúkrunarheimilið Lögmannshlíð var heimsótt, farið var á tónleika, göngu- og viðskiptaferð um bæinn og kvöldverður snæddur á Bryggjunni. Þá var fyrrum samstarfskona heimsótt í Eyjarfjarðarsveitina.

Jóhanna Þórðardóttir formaður sótti félagsstjórnarfund SLFÍ þann 14. maí þar sem áhersla var á undirbúning fyrir fulltrúaþingið sem fram fór þann 15. maí. Á fjölmennu fulltrúaþingi SLFÍ tók Sandra B. Franks við stöðu formanns af Kristínu Á Guðmundsdóttur.

Í júní fór félagsstjórn ásamt fráfaramandi formanni Kristínu Á. Guðmundsdóttir á aðalfund og málþing EPN í Færeyjum. Umræða málþingsins laut einkum að starfsumhverfi og menntun sjúkraliða auk heilsufari heilbrigðisstarfsmanna.

Annar félagsstjórnarfundur ársins var þann 26. september þar sem farið var yfir hefðbundna dagskrá fundar. Daginn eftir, eða þann 27. september, var trúnaðarmannaráðsfundur. Trúnaðarmaður Eyrar, Sólveig Guðnadóttir og varatrúnaðarmaður á Bjargi Guðbjörg Hjartardóttir sóttu fundinn ásamt formanni Vestfjarðardeildar.

Vestfjarðardeildin stóð fyrir haustfundi þann 28. september með óhefðbundinni dagskrá. Yfir 20 sjúkraliðar mættu til fundarins. Dagskráin hófst með bogfimi við mikinn fögnuð og hlátrasköll þegar örvarnar hittu ekki í spjöldin. Næst var farið á Dokkuna þar sem ísfiskur bjór var kynntur og fengu sjúkraliðar upplýsingar um bjórgerð og leiðsögn í gegnum brugghúsið. Þá var bjór í boði hússins og var síðan haldið á Fjöruhúsið þar sem hópurinn fékk dýrindis fiskrétti.

Daganna 17. – 19. október sóttu fulltrúar sjúkraliðafélagsins BSRB þing og sátu málstofur. Formaður Vestfjarðardeildar sat málstofu um umhverfismál.

Daganna 15. – 16. nóvember tóku sjúkraliðar ásamt hjúkrunarfræðingum þátt í samstarfi við Lions hreyfinguna að mæla blóðsykurinn hjá íbúum Ísafjarðarbæjar.

Þann 26. nóvember héldu sjúkraliðar Evrópudaginn hátíðlega með því að bjóða öllum á HVEST í kaffi á Hjúkrunarheimilinu Eyri og hitti sú uppákoma vel fyrir hjá samstarfsfólki.

Þann 3. desember var efnt til fagnaðar hjá HVEST vegna útnefningar Sjúkraliðafélags Íslands um fyrirmyndastjórnanda ársins 2019, en þann titil hlaut Hildur Elísabet Pétursdóttir, deildarstjóri hjúkrunarheimilanna Eyri og Bergs. Sandra B. Franks formaður og Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri, mættu á viðburðinn og veittu henni viðurkenninguna.

Þann 9. desember útskrifuðust tveir sjúkraliðar úr Menntaskóla Ísafjarðar og voru þeim færðar rósir og viðurkenning af því tilefni.

Jóhanna G Þórðardóttir, formaður Vestfjarðardeidar Sjúkraliðafélags Íslands